

Leonardo da Vinci



Grv

Lokaverkefni

31.5.18

10.SF

Gunnar og Ísak

Leonardo da Vinci

Hvað gerði Leonardo da Vinci besta (frægasta) listamanni í heimi?

Leonardo da Vinci var listamaður og vísindamaður sem fæddist 15. apríl 1452 í Vinci, Ítalíu. En þaðan fékk hann eftirnafnið sitt da Vinci eða frá Vinci á íslensku. Foreldrar hans voru ekki gift, mamma hans giftist öðrum manni þegar Leonardo var ungur. Pabbi hans hét Ser Piero di Antonio og var þinglýsingadómari, ríkur og í góðri félagsstöðu. Mamma hans hét Caterina en lítið er vitað um mömmu hans fyrir utan að hún var blá fátæk og talin vera í lélegri félagsstöðu. Leonardo fékk hvorki eftirnafn föður síns né átti hann að fá arf þegar faðir hans lést. Hann var alinn upp af pabba sínum en áttaði sig á því á unga aldri að hann mundi ekki fá að vera partur af fjölskyldu bransanum þannig að hann þurfti að læra eitthvað. Hann fékk bara grunnmenntun en hin systkini hans fengu betri og lengri menntun. Frá unga aldri var Leonardo áhugasamur um það hvernig náttúran virkar. Þegar hann var bar 15 ára fór pabbi hans með hann til Flórens og kom honum fyrir sem lærlingi á vinnustofu hjá listmanninum Andrea del Verrocchio þar sem hann átti að vera næstu 9 ár. Fyrst gerið hann létt húsverk svo fór hann að undirbúa liti og striga. Hann teiknaði síðan verk Verrocchio. Á þessum tíma voru mörg verk gerð af hópum af listamönnum. Fyrsti partur hans í málverki hjá Verrocchio var í "Baptism of Christ" en næstum allir sérfræðingar eru sammála um að Leonardo gerði engilinn lengst til vinstri. Sumir segja að Verrocchio hafi verið svo hrifinn af englinum að hann skammaðist sín fyrir sína eigin hæfileika og hét því að mála aldrei aftur. Verrocchio ákvað að láta Leonardo taka yfir flest málverk svo hann gæti einbeitt sér að því að gera stytur. Þegar da Vinci byrjaði að þroskast byrjaði hann að setja sinn eigin stíl á myndir sínar. Á myndinni Baptism of Christ sést að Leonardo málaði lausar heldur en Verrocchio, og það er augljóst að

Leonardo var með betri hæfileika. Eftir 9 ár hjá Verrocchio fór hann að byrja sitt eigið ævintýri. Hann ákvað að fara til Mílan því honum fannst hann vera orðinn hinn fullkomni málari og var byrjaður að missa áhugann á málverkum. Hann ákvað að verða hernaðar smiður þar sem hann hannaði fyrsta skriðdrekann. “Lady with an Ermine” er málverk af Cecilia Gallerani, og var örugglega málað þegar hún var sofandi hjá herleiðtoganum þegar hann var giftur annarri konu. Það var svo málað yfir upprunalega bakgrunninn í kringum 17. öld. Árið 1482 skoraði hernaðarleiðtogi Mílan á da Vinci að gera stærstu stytta í heimi af hesti til heiðurs föður sínum. Svo hann byrjaði að vinna á styttunni. Árið 1493 kynnti hann styttunna í brúðkaupi hjá dóttir herleiðtogans. Þessi stytta var búinn til úr leir, sem svipuð stytta úr bronsi gætti verið gerð. Árið 1495 málaði hann “The Last Supper” en sú mynd er byrjuð að flagna mikið því hann notaði olíu málningu því hina málninguna var erfitt að blanda. Það málverk er í Santa Maria delle Grazie sem er kirkja í Mílan. Í frönsku innrásinni á Mílan fór Leonardo aftur til Vinci og þar málaði hann “Mona Lisa” það er örugglega frægasta málverkið eftir Leonardo. Málverkið var málað í kringum 1503-1519 og er andlitsmynd af La Gioconda. Árið 1911 var “Mona Lisa” stolið frá Louvre safninu en það var skrifað um það í öllum blöðum á þeim tíma. Allir héldu að nútíma listamenn ættu þátt í því. Skáldið Guillaume Apollinaire var handtekinn í september og yfirheyrður í viku áður en honum var sleppt. Pablo Picasso var grunaður að hafa stolið því en það voru engar sannanir. Það tók tvö ár fyrir alvöru þjófinn að finnast en hann hét Vincenzo Perugia og hafði flutt til Parísar árið 1908 en unnið á safninu í einhvern tíma. Hann komst inn af því hann var í vinnubúningnum og faldi sig þangað til safnið lokaði og svo tók hann málverkið úr rammanum og beið þar til safnið opnaði og

labbaði þá út með verkið falið inn á peysunni sinni. Það var ekki fyrr en árið 1913 sem þetta komst upp. Þá kallaði hann sig Leonardo Vincenzo, og skrifaði miða til málverka sölumannsins Geri, og býður honum myndina fyrir 500.000 lírur sem er um það bil 700.000 krónur í dag með uppreiknað. Hann ferðaðist til Florence og Gisti þar á hóteli sem seinna breytti nafninu sínu í Hotel La Gioconda. Hann fór með myndina til Geri, Geri sannfærði hann um að fara með myndina til sérfræðing til að sanna að myndin væri í alvöru “Mona Lisa”. Seinna þann dag var hann handtekinn af löggreglunni.

Leonardo var með dagbækur þar sem hann skrifaði hugmyndir sínar, rannsóknir og teiknaði í. Yfir 7000 blaðsíður hafa varðveist í gegnum aldirnar. Á frægustu blaðsíðunum er hann að reyna að láta menn fljúga en hann eyddi miklum tíma í það með miður góðum niðurstöðum en á seinustu árum sínum áttaði hann sig á því að það væri best að vera með væng sem hreyfist ekki sem aðrir notuðu sem undirstöðu til að búa til fyrstu flugvélarnar. Á þeim tíma fann hann líka upp fyrstu fallhlífina. Hann rannsakaði líka flug hjá fuglum og hvernig þeir ná a loft. Hann keypti fugla og skoðaði hegðun þeirra og hvernig þeir fóru að því að fljúga. Hann fann upp á flugtæki sem var kallað “Ornithopter”. Þetta er skrítið tæki þar sem maðurinn blakar vængjunum. Tækið gat ekki framleitt nógan lyftikraft til að lyfta því. Talið er að hann hafi einu sinni fengið mann til að prufa eitt tækið en það endaði þannig að maðurinn fótbrotnaði.

Heimildaskrá

A&E Television Network, sótt 24. maí 2018 af

<https://www.biography.com/people/leonardo-da-vinci-40396>

B&N, sótt 26. maí 2018 af

<http://www.sparknotes.com/biography/davinci/section2/>

sótt 27. maí af <https://www.leonardodavinci.net/>

sótt 27. maí af <http://www.da-vinci-inventions.com/flying-machine.aspx>

sótt 28. maí af <http://www.da-vinci-inventions.com/scuba-gear.aspx>

sótt 28. maí af

<http://www.da-vinci-inventions.com/davinci-inventions.aspx>

sótt 29. maí af <https://www.leonardodavinci.net/the-mona-lisa.jsp>

Richard Cavendish. sótt 29. maí af

<https://www.historytoday.com/richard-cavendish/mona-lisa-stolen-louvre>

sótt 30. maí af

<https://www.leonardodavinci.net/designs-for-a-scythed-chariot.jsp>

sótt 30. maí af <http://www.sparknotes.com/biography/davinci/section4/>

